

Ár 2017, mánudaginn 15. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Óskari Bergssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns
úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála
og varaformanns nefndarinnar**

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstöðumanninum laun.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála með síðari breytingum heyrir undir kjararáð að ákveða launakjör varaformanns nefndarinnar.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 25. janúar 2016 frá forstöðumanni úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði launakjör forstöðumannsins. Fram kemur að breytingar hafi orðið á starfi úrskurðarnefndarinnar á þeim fjórum árum sem hún hafi starfað. Fjölgun verkefna hjá nefndinni hafi verið yfir 50% í stað 20% fjölgunar eins og gert hefði verið ráð fyrir þegar kjararáð ákvað laun forstöðumannsins. Þá segir í bréfinu að kærueimild til úrskurðarnefndarinnar sé nú að finna í 26 lögum. Nefndarmönnum hafi verið fjölgað úr sjö í nú í lok árs 2014 og frá sama tíma gegni varaformaður nefndarinnar því starfi sem aðalstarfi. Formaður hafi nú heimild til að ákveða að nefndin starfi í deildum en beri eftir sem áður alla ábyrgð á störfum nefndarinnar. Þá kemur fram að stærri og tímafrekari mál komi nú inn á borð nefndarinnar í auknum mæli, til að mynda vegna mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga vegna stærri framkvæmda, svo sem virkjana og stóriðju. Úrskurðarnefndin sé með allra stærstu nefndum í stjórnýslunni og fari líklega með þau mál þar sem mestir hagsmunir séu í húfi. Auk þess séu mál fyrir nefndinni flóknari þar sem kærðar ákvarðanir varði iðulega fleiri aðila en kæranda einan. Málsmeðferð verði þyngri fyrir nefndinni en ella enda þurfi þá að gæta andmælaréttar þriðja aðila.

Með bréfi dagsettu 8. febrúar 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 17. febrúar 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi úrskurðarnefndarinnar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um laun forstöðumannsins að öðru leyti en fram komi í bréfi hans. Telur ráðuneytið rétt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun hans.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 8. júlí 2016. Í bréfinu styður ráðuneytið þau sjónarmið er fram koma í erindi forstöðumannsins.

Með bréfi dagsettu 18. júlí 2016 fékk forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Í bréfi forstöðumannsins til kjararáðs dagsettu 27. júlí 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna en fyrri sjónarmið ítrekuð.

Með bréfi kjararáðs dagsettu 21. júlí 2016 var varaformanni úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við kjararáð. Með bréfi dagsettu sama dag gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 24. ágúst 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi úrskurðarnefndarinnar hafi breyst eða aukist frá

Því að kjararáð úrskurðaði síðast um laun varaformannsins. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra ákvarðana kjararáðs auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða eigi launakjör varaformannsins.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 22. ágúst 2016. Í bréfinu segir að varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sé jafnframt varamaður formanns nefndarinnar og skipaður í fullt starf hjá nefndinni. Úrskurðarnefndin fjalli nú í auknum mæli um stærri og tímafrekari mál en áður meðal annars vegna mála er varði mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar vegna stærri framkvæmda, svo sem stóriðju og virkjana. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé með stærstu nefndum sem starfi í stjórnáslunni og fari með mál sem varði mikla hagsmuni. Mál fyrir nefndinni hafi orðið fjölbreyttari og flóknari. Ráðuneytið styðji þá ákvörðun kjararáðs að taka launakjör varaformannsins til skoðunar og óskar eftir því að kjararáð endurmeti launakjör hans með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafi á launakjörum hjá sambærilegum úrskurðarnefndum.

Í bréfi varaformannsins dagsettu 12. ágúst 2016 er bent á að varaformaður sé staðgengill forstöðumanns nefndarinnar og sinni því daglegri stjórnun og rekstri í fjarveru hans.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2016 fékk varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011 með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum hefur nefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar níu menn í nefndina og sjö til vara. Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Einn nefndarmanna skal vera staðgengill forstöðumanns og varaformaður nefndarinnar. Hann skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður, hafa starfið að aðalstarfi og vera skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir tilnefndir af Hæstarétti. Þeir skulu allir hafa háskólapróf. Einn skal hafa sérþekkingu á sviði skipulagsmála, einn á sviði byggingarmála, einn á sviði umhverfismála, einn á sviði jarðvísinda, orku- mála og jarðrænna auðlinda og einn á sviði vistfræði og lífríkis þurlendis, ferskvatns og sjávar. Tveir skulu hafa embættispróf í lögfræði eða annað háskólapróf sem verður metið jafngilt. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn. Forstöðumaður hefur yfirstjórn úrskurðarnefndarinnar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ræður annað starfsfólk.

Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn eiga sæti í úrskurðarnefndinni um hvert mál sem nefndinni berst. Ef mál er viðamikilið eða fordæmisgefandi skulu fimm menn sitja í nefndinni. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Skal hann gæta þess að í nefndinni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum. Formanni er heimilt að ákveða að úrskurðarnefndin starfi deildaskipt. Nefndin getur falið formanni að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega

gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tók til starfa 1. janúar 2012 og ákvað kjararáð forstöðumanni nefndarinnar laun 16. mars 2012. Í kjölfar breytinga á lögum um úrskurðarnefndina ákvað kjararáð varaformanni nefndarinnar laun 6. júlí 2015. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs.

Hér að framan er greint frá starfsemi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og því hvernig starfsemi hennar hefur þróast og vaxið frá því hún tók til starfa. Með vísan til þess hefur kjararáð ákveðið að breyta launum forstöðumanns og varaformanns nefndarinnar. Við þá ákvörðun hefur kjararáð haft hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna úrskurðarnefnda sem og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og varaformanns hennar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá sama tíma skulu mánaðarlaun varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og varaformanns hennar gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Óskar Bergsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber